

# Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.  
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.  
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is  
Veffang: http://lagabirting.is  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)  
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 90

95. ár

Föstudaginn 30. ágúst 2002

## Stefnur

Íslenska útvarpsfélagið hf.,  
kt. 680795-2079,  
Lynghálsi 5,  
Reykjavík

gjörir kunnugt: að fyrirtækið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Steven Lee Heaton, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, stjórnarmanni Vöruhússins, Faxafeni 8 ehf., kt. 590101-3110, Faxafeni 8, Reykjavík, f.h. félagsins, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 129.082 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum, frá 31. maí 2001 til 1. júlí 2001 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mán-aða fresti í fyrsta sinn þann 31. maí 2002 en síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

*Fyrirvar:* Undirritaður lögmaður Lárus L. Blöndal hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuld þessi er samkvæmt 1 reikningi dags. 31. maí 2001 að fjárhæð kr. 129.082, og er reikningurinn tilkominn vegna auglýsinga Íslenska útvarpsfélagsins hf., í útvarpi fyrir stefnda. Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hefur skuld þessi ekki verið greidd og er málssókn því óhjákvæmileg. Þar sem ekki hefur verið unnt að afla upplýsinga um heimilisfang fyrirsvarsmanns stefnda, Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., í Bretlandi, er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði, sbr. a. lið, 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91 / 1991 um meðferð einkamála.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi styður kröfur sínar við almennar reglur samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001. Um gjalddaga er vísað til meginreglu 49. gr. laga nr. 50/2000. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- Einn reikning.
- Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
- Vottorð úr hlutafélagaskrá

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Steven Lee Heaton, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, stjórnarmanni Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., kt. 590101-3110, Faxafeni 8, Reykjavík, f.h. félagsins, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 8. október 2002, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki

## Tilkynning

### um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (\*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

| I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum                        | Vextir alls á ári<br>f.o.m. 1. september 2002 |
|-------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|
| 1. Grunnur dráttarvaxta <sup>1)</sup>                             | 8,8%                                          |
| 2. Vanefndaálag <sup>2)</sup>                                     | 11,7%                                         |
| 3. Dráttarvextir <sup>3)</sup>                                    | 20,5%                                         |
| II. Almennir vextir                                               |                                               |
| 1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. <sup>4)</sup>            | 11,5% * (12,0%)                               |
| 2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. <sup>4)</sup>             | 7,7%                                          |
| 3. Vextir af skaðabótakröfum <sup>5)</sup>                        | 7,7% * (8,0%)                                 |
| III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt <sup>6)</sup> |                                               |
| 1. Bandaríkjadollurum                                             | 5,5%                                          |
| 2. Sterlingspundum                                                | 7,5%                                          |
| 3. Dönskum krónum                                                 | 7,0%                                          |
| 4. Norskum krónum                                                 | 10,5% * (10,0%)                               |
| 5. Sænskum krónum                                                 | 7,0%                                          |
| 6. Svissneskum frönkum                                            | 5,5%                                          |
| 7. Japönskum jenum                                                | 5,0%                                          |
| 8. Evrum <sup>7)</sup>                                            | 6,5%                                          |

- Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfafakaupum Seðlabankans.
- Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
- Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
- Almenna vexti skv. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hvejrums tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánunum hjá viðskiptaböndkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsli. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsli. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“ Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsli. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsli. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
- Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslið 4. gr. laganna.
- Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjalddmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjalddmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“
- Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðilarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. september 2002, fellur úr gildi tilkynning nr. 7/2002 dags. 19. júlí 2002 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 21. ágúst 2002.  
Seðlabanki Íslands.

# Húsbréf

## Tuttugasti og áttundi útdráttur í 1. flokki húsbréfa 1995

Innlausnardagur 15. október 2002

5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

1.000.000 kr. bréf

|          |          |          |          |          |          |          |          |          |          |          |          |
|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 95120022 | 95120513 | 95120707 | 95121277 | 95121998 | 95122412 | 95123491 | 95123711 | 95123975 | 95124464 | 95124929 | 95125565 |
| 95120160 | 95120631 | 95120830 | 95121351 | 95122022 | 95122438 | 95123554 | 95123724 | 95123991 | 95124474 | 95125070 | 95125621 |
| 95120166 | 95120632 | 95121002 | 95121384 | 95122042 | 95122787 | 95123631 | 95123768 | 95124004 | 95124485 | 95125139 | 95125653 |
| 95120174 | 95120637 | 95121026 | 95121385 | 95122243 | 95122848 | 95123632 | 95123922 | 95124036 | 95124569 | 95125180 | 95125687 |
| 95120189 | 95120645 | 95121095 | 95121912 | 95122307 | 95122854 | 95123641 | 95123947 | 95124058 | 95124689 | 95125338 | 95125729 |
| 95120478 | 95120655 | 95121236 | 95121969 | 95122321 | 95122962 | 95123655 | 95123950 | 95124327 | 95124728 | 95125561 | 95125734 |

100.000 kr. bréf

|          |          |          |          |          |          |          |          |          |          |          |
|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 95150110 | 95151602 | 95153045 | 95153541 | 95154670 | 95155966 | 95157849 | 95158422 | 95159446 | 95160134 | 95160892 |
| 95150361 | 95151611 | 95153092 | 95153663 | 95154672 | 95156603 | 95157927 | 95158431 | 95159482 | 95160248 | 95160914 |
| 95150525 | 95152049 | 95153167 | 95153758 | 95154800 | 95157093 | 95158343 | 95158526 | 95159518 | 95160266 | 95160934 |
| 95150955 | 95152291 | 95153245 | 95154245 | 95154801 | 95157312 | 95158348 | 95158612 | 95159834 | 95160418 |          |
| 95151103 | 95152387 | 95153246 | 95154389 | 95155731 | 95157657 | 95158412 | 95158727 | 95159973 | 95160713 |          |
| 95151294 | 95152599 | 95153364 | 95154435 | 95155752 | 95157767 | 95158421 | 95158907 | 95160004 | 95160781 |          |

10.000 kr. bréf

|          |          |          |          |          |          |          |          |          |          |
|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 95170301 | 95172023 | 95172553 | 95173093 | 95175525 | 95175997 | 95177232 | 95177605 | 95179050 | 95180162 |
| 95170473 | 95172025 | 95172554 | 95173180 | 95175551 | 95176559 | 95177266 | 95177982 | 95179467 | 95180607 |
| 95170549 | 95172032 | 95172575 | 95174024 | 95175644 | 95176695 | 95177447 | 95178075 | 95179772 | 95180828 |
| 95171056 | 95172061 | 95172577 | 95174034 | 95175664 | 95176838 | 95177501 | 95178569 | 95179809 | 95180878 |
| 95171415 | 95172107 | 95172991 | 95174597 | 95175753 | 95176916 | 95177540 | 95178575 | 95179944 | 95180976 |
| 95171504 | 95172511 | 95173009 | 95174926 | 95175828 | 95177226 | 95177604 | 95178942 | 95180113 | 95181038 |

### Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (1. útdráttur, 15/01 1996)                            |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 10.645,-<br>95171398 |

|                                                                |
|----------------------------------------------------------------|
| (2. útdráttur, 15/04 1996)                                     |
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 108.477,-<br>95155221        |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 10.848,-<br>95173515 95179474 |

|                                                                |
|----------------------------------------------------------------|
| (3. útdráttur, 15/07 1996)                                     |
| <b>1.000.000 kr.</b> Innlausnarverð 1.105.028,-<br>95122544    |
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 110.503,-<br>95159268        |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 11.050,-<br>95179974 95180587 |

|                                                                |
|----------------------------------------------------------------|
| (4. útdráttur, 15/10 1996)                                     |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 11.288,-<br>95179095 95179473 |

|                                                             |
|-------------------------------------------------------------|
| (5. útdráttur, 15/01 1997)                                  |
| <b>1.000.000 kr.</b> Innlausnarverð 1.138.099,-<br>95121281 |

|                                                                      |
|----------------------------------------------------------------------|
| (6. útdráttur, 15/04 1997)                                           |
| <b>1.000.000 kr.</b> Innlausnarverð 1.155.315,-<br>95122177 95122540 |

|                                                                |
|----------------------------------------------------------------|
| (8. útdráttur, 15/10 1997)                                     |
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 120.157,-<br>95158015        |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 12.016,-<br>95174265 95175227 |

|                                                             |
|-------------------------------------------------------------|
| (9. útdráttur, 15/01 1998)                                  |
| <b>1.000.000 kr.</b> Innlausnarverð 1.216.267,-<br>95120383 |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 12.163,-<br>95174921       |

|                                                         |
|---------------------------------------------------------|
| (10. útdráttur, 15/04 1998)                             |
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 123.905,-<br>95159391 |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 12.390,-<br>95171399   |

|                                                                |
|----------------------------------------------------------------|
| (11. útdráttur, 15/07 1998)                                    |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 12.625,-<br>95171400 95172763 |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (12. útdráttur, 15/10 1998)                           |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 12.688,-<br>95178597 |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (13. útdráttur, 15/01 1999)                           |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 12.900,-<br>95179975 |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (14. útdráttur, 15/04 1999)                           |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 13.173,-<br>95181262 |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (15. útdráttur, 15/07 1999)                           |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 13.571,-<br>95171397 |

|                                                          |
|----------------------------------------------------------|
| (16. útdráttur, 15/10 1999)                              |
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 139.466,-<br>951819270 |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (17. útdráttur, 15/01 2000)                           |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 14.273,-<br>95173684 |

|                                                         |
|---------------------------------------------------------|
| (21. útdráttur, 15/01 2001)                             |
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 155.718,-<br>95159249 |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 15.572,-<br>95173687 |
|-------------------------------------------------------|

|                                                             |
|-------------------------------------------------------------|
| (22. útdráttur, 15/04 2001)                                 |
| <b>1.000.000 kr.</b> Innlausnarverð 1.590.353,-<br>95124658 |

|                                                         |
|---------------------------------------------------------|
| <b>100.000 kr.</b> Innlausnarverð 159.035,-<br>95159250 |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 15.904,-<br>95171360   |

|                                                       |
|-------------------------------------------------------|
| (23. útdráttur, 15/07 2001)                           |
| <b>10.000 kr.</b> Innlausnarverð 16.768,-<br>95175404 |

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardegi. Því er áriðandi fyrir eigendur þeirra að innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

Í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnumfrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 12. júlí 2002.  
F.h. stefnanda,  
f.h. Lárusar L. Blöndal hrl.  
**Indriði Þorkelsson hdl.**

(8877

**Búnaðarbanki Íslands hf.,  
kt. 490169-1219,  
Austurstræti 5,  
Reykjavík**

gjörir kunnugt: að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Steven Lee Heaton, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, stjórnarmanni, Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., kt. 590101-3110, Faxafeni 8, Reykjavík, f.h. félagsins og Guðrúnu Ásgerði Jóhannsdóttur, kt. 031167-3379, Stemmevegen 1a, Stavanger-Sola, Noregi.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 488.501,20, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. mars 2002 til greiðsludags. Þess er krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2003 en síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins að viðbættum 24,5 % virðisaukaskatti.

*Fyrirsvar:* Undirritaður lögmaður, Lárus L. Blöndal hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuld þessi er samkvæmt einum tryggingarvixli án afsagnar, að fjárhæð kr. 600.000, útgefnum í Reykjavík þann 1. febrúar 2002 af stefndu Guðrúnu Ásgerði Jóhannsdóttur, framseldum eyðuframsali af sama og samþykktum af stefnda, Vöruhúsinu ehf., til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands hf., Reykjavík, þann 1. febrúar 2002. Víxillinn var afhentur Búnaðarbanka Íslands hf., Háaleitisútibúi í Reykjavík, til tryggingar á skuld stefnda, Vöruhúsinu Faxafeni 8 ehf., vegna VISA kreditkorts félagsins nr. 4539-8700-0007-7626. Þann 1. júlí 2001, undirrituðu stefndu tryggingarvixil að fjárhæð kr. 600.000, sem var óútfylltur hvað varðaði útgáfudag og gjalddaga og er víxillinn með heimild til stefnanda til útfyllingar. Vegna vanskila stefnda Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., á VISA kreditkortaskuldinni, var víxillinn fylltur út og heimild félagsins til notkunar þess felld niður. Þann 5. mars 2002, nam heildarskuld stefnda Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., vegna VISA kreditkortsins, samtals kr. 488.501,20, sem er höfuðstóll dómkröfu. Tryggingarvíxillinn hefur ekki greiðst þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og er því málsókn þessi nauðsynleg. Þar sem ekki hefur verið unnt að afla upplýsinga um heimilisfang fyrirsvarsmanns stefnda, Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., í Bretlandi, er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði, sbr. a. lið, 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Mál þetta er höfðað á grundvelli víxillaga nr. 93/1933 og rekið samkvæmt þeim og 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur og er því nauðsynlegt að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Einn tryggingarvísil.
2. Útskrift af VISA reikningi með gjalddaga 5. mars 2002.
3. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
4. Vottorð úr hlutafélagaskrá.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Steven Lee Heaton, með óþekkt heimilisfang í Bretlandi, stjórnarmanni Vöruhússins Faxafeni 8 ehf., kt. 590101-3110, Faxafeni 8, Reykjavík, f.h. félagsins og Guðrúnu Ásgerði Jóhannsdóttur, kt. 031167-3379, Stemmevegen 1a, Stavanger – Sola, Noregi, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 8. október 2002, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins mega þau búast við því að útivistardómur gangi í málinu og stefnukröfur verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 15. júlí 2002.  
F.h. stefnanda,  
f.h. Lárusar L. Blöndal hrl.  
**Indriði Þorkelsson** hdl.

(8878

**Landssími Íslands hf., innheimta, kt. 490784-2179, Ármúla 27, 150 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Gunnari Finni Egilssyni, kt. 040173-3829, síðast með lögheimili að Bláskógum 2, 810 Hveragerði, en nú óstaðsettum í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.523.315, ásamt dráttarvöxtum, af kr. 572.224 frá 25. júní 2001 til 23. júlí 2001, af kr. 606.940 frá 23. júlí 2001 til 20. september 2001, af kr. 725.800 frá 20. september 2001 til 19. október 2001, af kr. 787.982 frá 19. október 2001 til 20. desember 2001, af kr. 831.962 frá 20. desember 2001 til 20. mars 2002, af kr. 1.082.398 frá 20. mars 2002 til 22. apríl 2002, af kr. 1.523.315 frá 22. apríl 2002 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er samkvæmt framlögðu reikningsyfirliti. Stefnandi rekur símafyrirtæki með þjónustu um allt land. Skuldin er komin til vegna ógreiddra viðskipta stefnda við stefnanda.

Vegna viðskiptanna voru stefnda sendir greiðsluseðlar frá Íslandsbanka hf.

| <i>Gjalddagi</i>   | <i>Upphæð</i> |
|--------------------|---------------|
| 25. júní 2001      | 572.224       |
| 23. júlí 2001      | 34.716        |
| 20. september 2001 | 118.860       |
| 19. október 2001   | 62.182        |
| 20. desember 2001  | 43.980        |
| 20. mars 2002      | 250.436       |
| 22. apríl 2002     | 440.917       |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 1.523.315,00 sem er stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Á greiðsluseðlunum voru framangreindir gjalddagar tilteknir og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi er samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsett í hús og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatílvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á

reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Reikningsyfirlit.
4. Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
5. Útskrift úr Þjóðskrá.
6. Ljósrit Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Gunnari Finni Egilssyni, kt. 040173-3829 til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík dómsal 102, þann 28. nóvember 2002, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. ágúst 2002.  
F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,  
**Guðmundína Ragnarsdóttir** hdl.

(9452

**Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, kt. 421298-2549, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Snorra Björnssyni, kt. 180962-5309, Hollandi, til heimtu neðangreindrar skuldar.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 315.085,63 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 27. mars 2002 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

*Málflutningsumboð:* Jóhannes B. Björnsson hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málavextir:* Krafan er vegna uppsafnaðrar yfirdráttarskuldar á tékkareikningi stefnda nr. 7520 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík. Stefndi gerðist brotlegur við reglur um reikningsviðskipti og var nefndum reikningi lokað þann 27. mars 2002. Nam þá uppsafnaður yfirdráttur stefnda samtals kr. 315.085,63 sem er stefnufjárhæð þessa máls. Þrátt fyrir innheimtutilraunir hefur skuldin ekki fengist greidd af stefnda.

*Málsástæður og lagarök:* Krafa stefnanda er byggð á almennum reglum samninga- og kröfuréttar og 4. gr. laga nr. 94/1933 en skv. þeirri grein er útgefandi tékka skuldbundinn til að hafa til umráða fé hjá greiðslubanka sem honum er heimilt skv. samningi við greiðslubankann að ráðstafa með tékka. Krafa um málskostnað byggir á 21. kafla laga nr. 91/1991. Um dráttarvexti vísast til III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, sbr. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. I. nr. 50/1988, og ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda við ákvörðun málskostnaðar. Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaðinu vísast til a liðar 1. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 um stefnubirtingu, en samkvæmt vottorði frá Hagstofu Íslands er heimilisfang stefnda óþekkt í Hollandi.

*Sönnunargögn:* Til sönnunar kröfum sínum leggur stefnandi fram reikningsyfirlit dagsett 19. apríl 2002 og innheimtubréf dagsett 10. maí 2002.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með ofangreindum aðila til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 31. október 2002, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 31. júlí 2002.  
F.h. stefnanda,  
f.h. Jóhannesar B. Björnssonar hdl.  
**Magnús P. Skúlason** hdl.

(9477

**Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, kt. 700584-0389, Hátúni 2b, 105 Reykjavík**

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Hendricus E. Bjarnasyni, kt. 120156-4709, Trombenstr. 59, 1312XB Almere, Hollandi, til heimtu neðangreindrar skuldar.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 118.099,59 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 74.711,39 frá 5. desember 2000 til 5. janúar 2001, en af kr. 107.971,69 frá þeim degi til 5. febrúar 2001, en af kr. 109.071,69 frá þeim degi til 5. mars 2001, en af kr. 114.799,59 frá þeim degi til 4. apríl 2001, en af kr. 115.899,99 frá þeim degi til 4. maí 2001, en af kr. 116.999,59 frá þeim degi til 6. júní 2001, en af kr. 118.099,59 frá þeim degi til 1. júlí 2001, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.250 í bankakostnað. Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

*Málflutningsumboð:* Jóhannes B. Björnsson hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málavextir:* Krafan er vegna úttektar stefnda á MasterCard veltukreditkorti nr. 4539-8100-0004-0166, útgefnu af stefnanda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Skuld stefnda sundurliðast svo:

| Úttektartímabil:               | Fjárhæð kr. | Gjalddagi:    | Uppsöfnuð skuld |
|--------------------------------|-------------|---------------|-----------------|
| 18. okt. 2000 - 17. nóv. 2000  | 74.711,39   | 5. des. 2000  | 74.711,39       |
| 18. nóv. 2000 - 17. des. 2000  | 33.260,30   | 5. jan. 2001  | 107.971,69      |
| 18. des. 2000 - 17. jan. 2001  | 1.100,00    | 5. febr. 2001 | 109.071,69      |
| 18. jan. 2001 - 17. febr. 2001 | 5.727,90    | 5. mars 2001  | 114.799,59      |
| 18. febr. 2001 - 17. mars 2001 | 1.100,00    | 4. apríl 2001 | 115.899,59      |
| 18. mars 2001 - 17. apríl 2001 | 1.100,00    | 4. maí 2001   | 116.999,59      |
| 18. apríl 2001 - 17. maí 2001  | 1.100,00    | 6. júní 2001  | 118.099,59      |
| Samtals:                       | 118.099,59  |               | 118.099,59      |

Ofangreindar fjárhæðir sýna skuld korthafa eftir hvert úttektartímabil skv. reikningsyfirliti að fráðregnum vöxtum. Stefnufjárhæðin er uppsöfnuð skuld stefnda á ofangreindu veltukorti, en stefndi skuldbatt sig samkvæmt 4. kafla skilmála veltukortsins að greiða annað hvort að fullu allar úttektir fyrir hvert úttektartímabil á gjalddaga, eða tiltekna lágmarksfjárhæð af skuld þeirri sem stofnað var til með notkun kortsins fram til loka síðasta úttektartímabils og ekki hefur verið áður greidd. Samkvæmt skilmálum veltukortsins er gjalddagi fyrir hvert úttektartímabil 2. virki dagur hvers mánaðar eftir lok hvers úttektartímabils, er hefst 18. dag hvers

mánaðar og lýkur 17. dag næsta mánaðar, að báðum dögum meðtöldum. Stefndi hefur ekki greitt gjaldfallna skuld sína á gjalddögum í samræmi við skilmála veltukortsins. Þann 6. júní 2001 nam uppsöfnuð skuld stefnda kr. 118.099,59. Þrátt fyrir innheimtutilraunir hefur skuldin ekki fengist greidd af stefnda og er málshöfðun þessi því nauðsynleg.

*Málsástæður og lagarök:* Krafa stefnanda er byggð á almennum reglum kröfu- og samningaréttar um efndir samninga og greiðslu skulda og viðskiptaskilmálum stefnanda vegna MasterCard veltukreditkorta sem lagðir eru fram í málínu. Stefndi er samkvæmt nefndum viðskiptaskilmálum skuldbundin til þess að greiða skuld fyrir hvert úttektartímabil á gjalddaga og ber skuldin hæstu leyfilegu dráttarvexti komi til vanskila, sbr. 3. og 4. kafla. Kortagjöld, þ.m.t. færslu- og vanskilagjöld skal korthafi greiða samkvæmt gjaldskrá stefnanda, sbr. 8. kafla viðskiptaskilmálanna. Þá vísar stefnandi einnig sérstaklega til 2. og 14. kafla skilmálanna. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og getur því hvorki dregið frá né fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem hann greiðir af aðkeyptri lögmannsþjónustu. Því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaðinu vísast til a-liðar 1. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 um stefnubirtingu. Stefndi er búsettur í Hollandi skv. upplýsingum úr Þjóðskrá. Samkvæmt staðfestingu frá utanríkisráðuneytinu tókst ekki birting stefnunnar í Hollandi fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í London.

*Sönnunargögn:* Til sönnunar kröfum sínum leggur stefnandi fram ljósrit úr Lögbirtingablaði því sem stefnan birtist í, útskrift úr Þjóðskrá, bréf frá utanríkisráðuneytinu dagsett 2. maí 2002, reikningsyfirlit, innheimtubréf dagsett 21. júní 2001, bréf stefnanda til korthafa við afhendingu veltukreditkorts, viðskiptaskilmála stefnanda vegna MasterCard veltukreditkorta og gjaldskrá stefnanda.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með ofangreindum aðila til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 31. október 2002, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 1. ágúst 2002.  
F.h. stefnanda,  
f.h. Jóhannesar B. Björnssonar hdl.  
**Magnús P. Skúlason** hdl.

(9478

**Búnaðarbanki Íslands hf.,  
kt. 490169-1219,  
Austurstræti 5,  
Reykjavík**

gjörir kunnugt: að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Garðari Pétri Ingjaldssyni, kt. 100682-4359, óstaðsettum í hús, Reykjavík og Ingjaldi Kárasyni, kt. 271061-7149, Njálsgötu 10, Reykjavík. *Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 306.440,90, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 15. nóvember 2001 til greiðsludags, auk bankakostnaðar að fjárhæð kr. 7.755,00. Þess er krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 15. nóvember 2002, en síðan

árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, þ.m.t. 24,5% virðisaukaskattur.

*Fyrirsvar:* Undirritaður lögmaður Lárus L. Blöndal hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuld þessi er samkvæmt einu skuldabréfi útgefnu í Reykjavík þann 25. september 2001, af stefnda, Garðari Pétri Ingjaldssyni, að fjárhæð kr. 315.000,00, samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins skyldi endurgreiða lánið með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 15. október 2001. Skuldabréfið er óverðtryggt en í vexti af skuldbinni skyldi greiða kjörvexti Búnaðarbanka Íslands hf., eins og þeir eru á hverjum tíma auk vaxtaálags, á útgáfudegi voru þeir samtals 18,15% á ári. Heimild er í skuldabréfinu til að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar ef ekki er staðið skil á greiðslum af bréfinu og að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilum skuldarinnar. Skuldabréfið er gefið út til Búnaðarbanka Íslands hf., Háaleitisútibús í Reykjavík. Stefndi, Ingjaldur Kárason, tókst á hendur sjálf-skuldarábyrgð in solidum á greiðslu skuldarinnar. Samkvæmt Þjóðskrá, er lögheimili stefnda Garðars, óstaðsett í hús í Reykjavík, og þar sem ekki er kunnugt um hvar birta megistefnuna, er nauðsynlegt að birting hennar fari fram í Lögbirtingablaði, sbr. a-lið, 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hefur ekki verið staðið skil á greiðslum af bréfinu frá og með gjalddaga 15. nóvember 2001 og er málssókn því óhjákvæmileg.

Stefnufjárhæðin sundurliðast þannig:

|                          |     |            |
|--------------------------|-----|------------|
| Höfuðstóll, gjaldfelldur | kr. | 301.875,00 |
| Samningsvextir           | kr. | 4.565,90   |
| Samtals                  | kr. | 306.440,90 |

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt er byggð á lögum nr. 50/1988 með síðari breytingum og þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili ber honum nauðsyn til að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- Skuldabréf.
- Greiðsluseðil.
- Yfirlit vegna bankakostnaðar.
- Innheimtubréf lögmanns stefnanda.
- Sundurliðun kröfunnar.

